

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

145. fundur fræðsluráðs verður haldinn miðvikudaginn, 15. janúar 2014, kl. 15.00 í fundarsal ráðhússins.

Dagskrá:

1. Niðurstöður PISA könnunar ræddar. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri mætir á fundinn.
2. Mötuneytismál í grunnskólanum.

Afgreiðslur.

1. Sigurður skólastjóri grunnskólans sagði lítillega frá samþættingu sem er í gangi í skólastarfinu og gengur í öllum meginatriðum vel. PISA könnunin rædd. Formaður fræðsluráðs óskaði eftir umfjöllun meðal fundarmanna um könnunina. Skólastjóri talaði annars vegar um læsi og áherslu á læsiþáttinn, og hins vegar um líðan nemenda í skólum. Læsiþátturinn er prófaður þannig að hann kemur ekki vel út fyrir íslenskt skólakerfi, PISA prófið byggir mikið á lestri á tölum og töflum og öðrum samfélagslegum upplýsingum sem ekki er gert eins mikið ráð fyrir í okkar námsefni. Leggja þyrfti áherslu á lestur alla skólagönguna því hann væri undirstaða alls náms. Heimavinnan er skilgreind þannig að lestur sé fyrst og fremst þjálfunatriði en ekki verið að vinna með óþekkt atriði. Alltaf þegar gert er átak í lestri í skólanum þá sést árangur. Hinn þátturinn varðandi PISA könnunina, líðan nemenda og samanburð við önnur lönd telur Sigurður að íslenskir skólar séu að starfa eftir aðalnámskrá en aðalinntak hennar er að þroska nemendur og búa þá undir fjölbreytt samfélag og viðtæk verkefni. Íslensk aðalnámskrá leggur áherslu á vellíðan nemenda og allar kannanir sýna að það er það sem foreldrar vilja. Allir nemendur á Íslandi þreyta þetta próf en í mörgum öðrum löndum tekur bara hluti nemenda þátt í könnuninni. Það kemur skýrt fram í PISA að íslenskum nemendum líður best af öllum þeim nemendum sem taka þátt í könnun. Þetta er það sem lögð er áhersla á og er að nást góður árangur í. Skólastjóri telur að utunumhald í grunnskóla og framhaldsskóla hér á landi sé mun meira en víða annars staðar. Í umræðum innan ráðsins komu fram vangaveltur um hvort of mikill tími færi í að leysa úr samskiptavanda í skólum og hvort hefðbundnar lestarkennsluáðferðir væru að duga fyrir flesta. Skv. PISA gátu 30% ekki lesið sér til gagns.. Forsendur fyrir könnuninni eru mjög ólíkar milli landa. Það getur verið gagnlegt fyrir okkur að geta rýnt í tölur en erfitt að alhæfa út frá risastórri könnun sem tekur á mjög mörgum ólíkum þáttum. Við prófum ekki í öllum aðferðum. Það er góð spurning af hverju við eins og hin norðurlöndin erum að koma verr út varðandi læsi en í fyrri könnunum. Skólastjóri minnti á að munur milli þéttbýlis og dreifbýlis væri algjörlega óútskýrður. Verið er að fara í markvissa yfirferð hvernig samræmd próf og fleira kom út í Grunnskóla Húnaþings vestra. Formaður minntist á þætti sem voru á Stöð 2 þar sem fjallað var um íslenskt menntakerfi og hvatti fundarmenn til að kynna sér þættina. Skólastjóri sagði að umræðan snerist mikið

um hvernig við erum að undirbúa nemendur í dag undir samfélagið eftir 20 ár, um það að kunna að nýta sér upplýsingar frekar en kunna þær utanað. Aðspurður finnst skólastjóra mikið álag á kennurum en finnst samt sem áður að með verkaskiptingu og teymisvinnu sé hægt að draga úr því. Ýmsu slegið fram í fjölmiðlaumræðunni af tilfinningahita sem mörgu skólafólki finnst ekki ábyrgt. Niðurstaðan af umræðum um PISA og skólastarf almennt er að við eigum að rýna til gagns.

2. Mötuneytismál.

Hér var starfandi hópur um framtíðarsýn í skólamállum í Húnaþingi vestra. Kom fram á fundi að mötuneytismál voru mikil hitamál. Formaður vill vita hvort skólaráð hafi fengið einhverjar upplýsingar um málið. Skólastjóri upplýsti að málið hefur ekki verið tekið fyrir þar. Skólastjóri sagði það sína skoðun að það væru ekki hagsmunir skólans að tapa mötuneytinu úr skólanum en hinsvegar væru samfélagslegir þættir sem fólk væri tilbúið að skoða og skólastjóri skoðaði málið jákvætt á þeim forsendum. Ákveðin lög og reglur gilda um matreiðslu í skólum og þeim verður að fylgja hvar sem maturinn er matreiddur. Formaður lagði áherslu að mötuneytið væri stórt hagsmunamál fyrir nemendur og foreldra og að það sé mikilvægt að fólk viti hvað gerist, t.d. hvað breytist í þjónustunni. Umræður urðu um rekstur mötuneytisins og kom fram að það væri vel rekið og mjög vel af því látið. Fulltrúar í fræðsluráði óska eftir meiri upplýsingum um hugsanlega breytingu á mötuneyti skólans áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs ritaði fundargerð.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:25

Rakel Runólfsdóttir (sign.),

Borghildur Haraldsdóttir (sign.)

Anna Birna Þorsteinsdóttir (sign.)

Gísli G.Magnússon(sign.),

Sigrún Waage (sign.)

Ólöf Þorsteinsdóttir(sign.),

Esther Hermannsdóttir (sign.).